

hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 5. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir gerir sjávarútvegsráðuneytinu aðvart, sé hlutur smáloðnu yfir 55%.

## 8. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 2. nóvember 1983.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eypórsson.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á 11. gr. gjaldskrár Hitaveitu Blönduóss nr. 391  
26. október 1977 með síðari breytingum.**

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er. Skal gjaldið vera hið sama í hvert skipti og verð á einum mínútulíter af heitu vatni frá Hitaveitu Blönduóss, nú kr. 543,00.

Gjaldskrárbreyting þessi öðlast gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. nóvember 1983.*

**Páll Flygernring.**

*Guðrún Skúladóttir.*